

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Neytendastofu, nr. 956/2006.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „prófunarstofa“ í greininni og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: skoðunarstofa.
- b. Í stað orðsins „Neytendastofu“ í greininni og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

2. gr.

Í stað „ÍST EN 17025“ í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: ÍST EN ISO/IEC 17020.

3. gr.

Í stað orðsins „Einkaleyfastofu“ í 4. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: Hugverkastofunnar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins“ í 1. mgr. kemur: mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.
- b. Í stað orðsins „úrskurð“ í 2 mgr. kemur: ákvörðun.
- c. Í stað orðanna „áfrýjunarnefnd neytendamála“ í 2. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
- d. Í stað orðanna „úrskurður áfrýjunarnefndar“ í 3. mgr. kemur: úrskurður úrskurðarnefndar.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni fellur brott.

6. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: **Reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.**

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 1. mgr. 44. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 18. mars 2025.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Arnar Halldórsson.